

Nýútkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 1. desbr. 1891 (A. nr. 28, bls. 118—119).

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Keflavík, undirskrifuð af konungi 11. desbr. 1891, (A. nr. 29 bls. 120—121).

Lög um þóknun handa hreppsnefndarmönnum, undirskrifuð af konungi 11. des. 1891, (A. nr. 30, bls. 122—123).

Lög um að stjórninni veitist heimild til að selja nokkrar þjóðjarðir, undirskrifuð af konungi 11. desbr. 1891, (A. nr. 31 bls. 124—129).

Lög um breyting á konungsráðgjafi 25. ágúst 1853 viðvíkjandi Ásmundarstaðakirkju í Presthólaprestakalli, undirskrifuð af konungi 11. desbr. 1891, (A. nr. 32, bls. 130—131).

Lög um brýrnar á Skjálfandafli, undirskrifuð af konungi 11. desbr. 1891 (A. nr. 33, bls. 132—133).

Lög um samþykktir um kynbætur hesta, undirskrifuð af konungi 11. desbr. 1891, (A. nr. 34. bls. 134—137).

Lög um aðfluttar ósútaðar húðir, undirskrifuð af konungi 11. desbr. 1891, (A. nr. 35, bls. 138—139).

Lög um lán úr viðlagasjóði til handa amtsráðinu í vesturamtinu til æðarvarpsræktar, undirskrifuð af konungi 15. jan. 1892 (A. nr. 1 bls. 2, þýðing bls. 3).

Lög um breyting á lögum 19. febr. 1886 um friðun hvala, undirskrifuð af konungi 15. jan. 1892, (A. nr. 2, bls. 4, þýðing bls. 5).

Lög um stækkun verzlunarlóðarinnar í Reykjavík, undirskrifuð af konungi 15. jan. 1892, (A. nr. 3 bls. 6, þýðing á bls. 7).

Lög um löggilding verzlunarstaðar, undirskrifuð af konungi 15. jan. 1892, (A. nr. 4, bls. 8, þýðing á bls. 9).

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Haukadal í Dýrafirði, undirskrifuð af konungi 15. jan. 1892, (A. nr. 5, bls. 10, þýðing á bls. 11).

Brjef landshöfðingja til stjórnenda landsbankans, út af þings- 1
ályktun neðri deildar alþingis 1891 um landsbankann. — Neðri deild 29. des.
 alþingis 1891 hefur ályktað að skora á mig að hlutast til meðal annars um: 1891.

1. að landsbankinn sem allra fyrst komist í viðskiptasamband við banka erlendis, einkum í Englandi og Danmörku;
2. að bankinn stofni sem fyrst útibú samkvæmt 9. gr. bankalaganna; og
3. að bankinn sje opinn að minnsta kostir 6 stundir á dag.

Um leið og jeg hjermeð gjöri hinni háttvirtu stjórn landsbankans kunnar óskir neðri deildar alþingis í áminnstum efnum, skal jeg útaf 3. tölulið hjer að framan skjóta því til bankastjórnarinnar, hvort nokkuð muni vera því til fyrirstöðu nú eptir að launakjör sýslunarmanna bankans hafa verið rífkuð

5. dag febrúarmán. 1892.

1 að miklum mun, að afgreiðslustofu landsbankans verði haldið opinni nokkuð 29. des. lengur á hverjum degi en verið hefur að undanfögnu¹.
1891.

Svar bankastjórnarinnar er á þessa leið:

Landshöfðinginn yfir Íslandi hefur í mikilsvirtu bræfi, dags. 29. f. m. tilkynnt stjórn landsbankans, að neðri deild alþingis 1891 hafi skorað á sig, að hlutast til meðal annars um:

1. að landsbankinn sem allra fyrst komist í viðskiptasamband við banka erlendis, einkum í Englandi og Danmörku;
2. að bankinn stofni sem fyrst útibú, samkvæmt 9. gr. bankalaganna og
3. að bankinn sje opinn að minnsta kosti 6 stundir á dag, og jafnframt skotið því til bankastjórnarinnar, hvort nokkuð muni vera því til fyrirstöðu, að afgreiðslustofu bankans verði haldið lengur opinni á degi hverjum en að undanfögnu.

Framkvæmdarstjóri landsbankans hefur óskað, að við gæzlustjórnarnir ljætum sjerstaklega í ljósi álit okkar um mál þetta, og viljum við þá gjöra það á þessa leið.

1. Að því er snertir viðskiptasamband við banka erlendis, þá á slíkt samband sjer nú þegar stað við Landmandsbankann í Kaupmannahöfn og er ekkert því til fyrirstöðu, að þetta samband geti orðið notað eins mikið og viðskiptabörfin við Danmörku gefur tilefni til og hlutadeigendur sjá sjer hag við; fyrir milligöngu Landmandsbankans hefur landsbankinn einnig haft viðskipti nokkur við önnur lönd, og geta þau eptir atvikum aukizt, án þess landsbankinn setji sig teinlínis í samband við banka þar, en að því er það sjerstaklega snertir, að landsbankinn komist í viðskiptasamband við banka á Englandi, þá erum við því samdóma, að næst Danmörku mundu þein viðskipti við einhvern áreiðanlegan banka á Bretlandi helst hafa þýðingu, en þó við ætlum að þýðing þessi myndi fyrst um sinn eigi verða mikil, þá sjáum við á hinn bóginn ekkert verulegt því til fyrirstöðu, að reynt sje að koma slíku sambandi á fót svo fljótt sem kringumstæður leyfa; en nú stendur svo á, að eptir því sem framkom á síðasta þingi má búast við, að landsbankinn njóti eigi til lengdar forstöðu hins núverandi framkvæmdarstjóra, og þar sem þannig viðskiptasamband við banka á Bretlandi mundi fyrst geta komið til framkvæmda, svo teljandi væri, eptir að nýr framkvæmdarstjóri væri tekinn við, þá þykir okkur bezt eiga við, að hann ætti hlut í, við hvern banka þar samið væri og hvernig þeim samningum væri hagað. Af þessum ástæðum álitum við rjettast að mál þetta sje látið bíða til næsta árs.

2. Að því er hið annað atriðið snertir, þá er sjálfsagt að fullnægja því ákvæði bankalaganna að stofna útibú svo fljótt sem audið er, en vjer sjáum eigi að bankinn sje að svo stöddu fær um aukin útgjöld, þar sem honum ber eptir 2. gr. bankalaganna framvegis að greiða landssjóði 5000 kr. á ári í vexti af seðlaupphæðinni, leggja 10000 kr. árlega í varasjóð, og hann á fyrir hendi að verja fullum 6000 kr. meira á ári til launa en að undanfögnu; þetta þykir okkur því næg ástæða til að frestað sje að sinni öllum ráðstöfunum til að koma á fót útibúum, því heldur sem búast má við að nýr framkvæmdarstjóri komi að bankanum innan skamms.
3. Viðvíkjandi því að bankinn sje opinn 6 stundir á dag, þá sjáum við eigi að það sje að sinni þörf á að fara svo langt, en á hinn bóginn er það orðið of lítið, að hafa afgreiðslustofuna opna að eins 2 stundir á dag, og viljum við því leggja til, að auk þess tíma, sem hún hingað til hefur verið opin, verði hún opin 1—2 stundir á dag; sýni reynslan að það verði eigi

Brjef landshöfðingja til póstmeistarans út af þingsályktun 24. ágúst 1891, um útsending brjefa o. fl. — Útaf ályktun, sem samþykkt var í neðri deild alþingis í sumar sem leið, skal jeg brýna fyrir yður, herra póstmeistari, að gæta þess, að brjef þau, er viðtakendur innan Reykjavíkur hafa eigi hirt á póststofunni innan 12 stunda eptir komu pósts, sjeu send þeim tafarlaust þegar bústaður hlutaðeiganda er tilgreindur á póstsendingunni, eða yður er hann á annan hátt kunnur. Sömuleiðis vil eg eptir ósk tjeðrar þingdeildar skora á yður, þegar póstaðgreiðslu- eða brjefhirðingarsýslan losnar í kaupstað eða verzlunarstað, þá að gefa mönnum þar á staðnum kost á að sækja um sýslanina að svo miklu leyti sem búizt verður við, að það hafi nokkurn árangur, sem og að annast um, að mönnum sje gefinn kostur á að gjöra tilboð um að taka að sjer póstferðir og aukapóstferðir, þegar þarf að fá nýja menn til þess starfa. Þar sem optnefnd þingdeild loks hefur farið fram á, að póstum sje gjört að skyldu að koma við og skila brjefum og veita brjefum móttöku á nokkrum stöðum milli póstaðgreiðslu- og brjefhirðingastaða eptir nánari tillögum sýslunefnda. þá fæ jeg ekki sjed, að slíkar tillögur geti orðið teknar til greina, nema því að eins, að viðkomustaðir þeir, sem stungið er upp á, sjeu í rjettri leið póstsins, og að viðkomurnar ekki dvelji fyrir ferð hans að neinum mun.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um kirkjugarðsstæði fyrir Fróðársókn. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna dags. 18. f. m. viðvíkjandi kirkjugarðsstæði fyrir Fróðársókn, hef jeg veitt samþykki mitt til, að kirkjan og kirkjugarðurinn verði byggð í túnjadrí Ólafsvíkur, á rústum hinna nýaflögðu búða Grimsbúðar, Björnsbúðar og Steinsbúðar, þar sem sóknarnefndin hefur æskt eptir kirkjugarðsstæði, þó með því skilyrði að söfnuðurinn leggi vel umgirtan stig að kirkjugarðinum, og viðhaldi honum.

Umboðsmanni Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs hefur verið ritað hið nauðsynlega hjeraðlútandi, og verður það kostnaðarlaust fyrir Fróðársókn, þó að eptirgjald eptir Ólafsvík kunni að verða lækkað vegna grasnáms við bygging kirkjugarðsins á framangreindum rústum.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um kostnað hreppstjóra við band á Stjórnartíðindum o. fl. — Með þóknanlegu brjefi dags. 16. nóv. f. á. hafið þjer, herra sýslumaður, samkvæmt ósk hreppstjórans í Ljósavatnshreppi, Jóns Sigurgeirssonar, lagt þá spurningu fyrir mig,

nægur tími, þá má lengja hann síðar. Á hinn bóginn þykir okkur eigi þörf á, að stjórnarstofa landsbankans sje lengur opin en að undanfögnu, nema þegar mikil aðsókn kynni að gjöra það nauðsynlegt.

Reykjavík 18. jan. 1892.

B. Kristjánsson. Eiríkur Briem.

Jeg er þessu álitu gæzlustjóranna með öllu samþykkur.

Reykjavík 20. jan. 1892.

L. E. Sveinbjörnsson.